

**Sp.**

### **33. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um réttindi til áfengis með niðursettu verði.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvaða trúnaðarstöðum í landinu fylgir réttur til að fá frá ríkinu áfengi til kaups með niðursettu verði?

Hvenær hafa trúnaðarmenn þjóðfélagsins öðlazi þessi réttindi, hvaða stjórnarvöld veittu réttindin, og hvaða ár fékk hver einstök trúnaðarstaða sinn frumrétt?

Hvaða skilyrði eða takmarkanir eru settar hinum einstöku notendum þessara hlunninda?

Hvaða valdastöður, sem ekki hafa enn öðlazi þennan rétt, gætu, ef beita skyldi fullri sanngirni, komið til greina, ef hlunnindi þessi ættu að ná eftirleiðis til fleiri manna en hingað til?